

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um innheimtu og skil á meðlögum o.fl.
á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga nr. 214/1973
með síðari breytingum.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

„Heimilt er að taka verðtryggð skuldabréf, sem tryggð verði með veði í fasteign, innan 60% marka af brunabótamati eignar, til greiðslu á meðlagsskuld, en önnur verðbréf hefur stofnunin heimild til að taka sem tryggingu fyrir skilvísri greiðslu meðlagsskuldar. Verðbréf, sem stofnunin veitir viðtöku skal hún afhenda viðskiptabanka sínum til varðveislu og innheimtu.“

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga sbr. lög nr. 43/1984 og lög nr. 41/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 137

REGLUGERÐ

23. febrúar 1988

um breyting á reglugerð nr. 151/1986, um launaskatt,
með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Launaskattur nemur 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum fyrir störf hjá aðilum er stunda starfsemi sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað samkvæmt 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

Launaskattur af öðrum vinnulaunum og atvinnutekjum en um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar og 11. gr., sbr. einnig 12. gr., er 3,5%.

2. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Laun og þóknanir fyrir neðangreind störf eru undanþegin launaskatti:

1. Laun og þóknanir fyrir störf við landbúnað, þar með talin vinna bóndans sjálfs, maka hans og barna hans, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt.
Störf við landbúnað, er undanþágan tekur til, eru:
Kvikfjárrækt. Til hennar telst sauðfjárrækt, nautgriparækt, alifuglarækt (þ.m.t. æðar-varp), svínarækt og loðdýrarækt.
Jarðyrkja. Til hennar telst garðyrkja, gróðurhúsarækt, heyframleiðsla og kornrækt.
Skógrækt. Til hennar telst gróðursetning, grisjun og skógarhögg en ekki stjórnunar- eða sölustarfsemi.

Vinna við að nytja hlunnindi jarðarinnar, þ.m.t. veiði fugla og dýra, eggjataka og grenjavinnsla.

Undanþágan nær ennfremur til vinnulauna vegna jarðræktarframkvæmda og byggingarframkvæmda vegna búrekstrarins sjálfs, vegna girðinga um tún og haga, afrétti og skóga, svo og til viðhaldsvinnu þessara mannvirkja.

Aðrar framkvæmdir í sveitum, svo sem bygging eða viðhald skóla, félagsheimila, fiskræktarstöðva, grasköggilaverksmiðja, kirkna, sumarbústaða, verslunar- og sláturhúsa, vega o.s.frv., eru ekki undanþegnar þótt framkvæmdir fari fram á bújörð. Undanþágan miðast eingöngu við fyrirtæki sem falla undir ofangreinda flokkun en nær ekki til launa og þóknana fyrirtækja sem selja þessum aðilum vöru sína og þjónustu.

2. Laun eða þóknanir fyrir störf, unnin erlendis, greidd af íslenskum aðilum til manna sem ekki eru heimilisfastir hér á landi.
3. Laun er Varnarliðið greiðir til manna hér á landi og ekki eru skattskyld hér, sbr. lög nr. 110/1951.
4. Björgunarlaun samkvæmt áttunda kafla siglingarlaga nr. 34/1985.

3. gr.

2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærri laun að meðaltali til annarra á mánuði en 97 000 kr. á uppgjörstímabilinu er þó heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á gjalddaga þess uppgjörstímabils þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 970 000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 970 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða.

4. gr.

25. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi sem ýmist skal greiða af 3,5%, 1% eða engan launaskatt, sbr. 2. gr. og 11. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyrir hverjum þætti.

Greiðslum fyrir yfirstjórn og öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal skipt upp í gjaldflokka launaskatts, sbr. 2. gr. og 11. gr., í sömu hlutföllum og eru milli heildargreiðslna í hverjum gjaldflokki, sbr. 1. mgr., áður en umræddar yfirstjórnargreiðslur eru meðtaldar og reikna launaskatt af þeim í samræmi við það.

Ef slík aðgreining er ekki fyrir hendi í bókhaldi eða ef hún er í verulegum atriðum röng eða ófullnægjandi skal skattstjóri áætla skiptinguna.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 14/1965, um launaskatt með síðari breytingum, sbr. lög nr. 87/1987, öðlast þegar gildi og tekur hún til launa vegna starfa sem unnin eru frá 1. janúar 1988.

Fjármálaráðuneytið, 23. febrúar 1988.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Lárus Ögmundsson.